

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 139/1312

komudagur 14.2.2011

Nefndasvið Alþingis  
vt. Kristjana Benediktsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

7. febrúar 2011  
Tilvísun: 2011010339

## Efni: Umsögn við frumvarp til laga um tekjuskatt (sjúkdómatryggingar), 300 mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, sem barst eftirlitinu þann 20. janúar sl., þar sem óskað var eftir umsögn við frumvarp til laga um tekjuskatt (sjúkdómatryggingar), 300 mál.

Undanfara þessa frumvarps má rekja til þess að skattstjóri Reykjaness lagði tekjuskatt á bætur sem réttthafi fékk greiddar úr sjúkdómatryggingu árið 2007. Umrædd álagning skattstjóra Reykjaness var kærð til yfirskattanefndar og síðar til héraðsdóms Reykjaness, en báðir framangreindir aðilar staðfestu álagninguna. Að því er Fjármálaeftirlitið best veit er þetta í fyrsta skipti sem bætur úr sjúkdómatryggingu hafa verið skattlagðar.


Sjúkdómatryggingar hafa verið seldar hérlendis um árabíl eða allt frá árinu 1996. Sala og markaðssetning þeirra hefur verið með þeim hætti að um skattfrjálsar bætur væri um að ræða. Framangreind kynning á váttryggingunni svo og sú staðreynd að ekki hafa verið innheimtir skattar af þessum bótum fram til þessa hafa vakið upp væntingar af hálfu réttthafa þessara váttrygginga að um skattfrjálsar bætur væri að ræða.

Í framhaldi af framanrituðum niðurstöðum sendi Fjármálaeftirlitið dreifibréf til allra söluaðila sjúkdómatrygginga hérlendis þar sem undirstrikað var mikilvægi þess að sjúkdómatryggingar yrðu framvegis ekki kynntar eða markaðssettar sem skattfrjálsar.


Með vísan til þess að um er að ræða málefni sem heyrir undir skattayfirvöld en ekki Fjármálaeftirlit eru ekki gerðar aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Gunnar P. Andersen



Guðrún Áslaug Jónsdóttir